

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 7. maí 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-87/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 9. október sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnd seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 16. október sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 30. október. Með bréfi, dags. 1. nóvember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 14. nóvember. Með bréfi, dags. 27. nóvember, var seljanda gefinn kostur á skila frekari andsvörum og frestur til þess til 11. desember. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 5. maí, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 16. september sl. keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 850.000. Var bifreiðin af gerðinni Honda Jazz, árgerð 2005, fyrst skráð 18. ágúst 2005 og við kaupin hafði henni verið ekið 99.000 km. Segir álitsbeiðandi að um tveimur vikum fyrir kaupin hafi hann reynsluekið bifreiðinni og sætt sig við ástand hennar en augljóst hafi verið að skipta þyrfti um bremsuklossa að framan og aftan, sem og ljósaperur og að setja undir bifreiðina ný dekk. Bifreiðin hafi átt að fara í skoðun í október og segist álitsbeiðandi því hafa viljað ganga frá bremsuklossunum sem fyrst enda hafi þeir fylgt með bifreiðinni. Í þeim tilgangi hafi hann farið með bifreiðina á verkstæði hinn 20. september. Þar hafi komið í ljós að bifreiðin hafði fengið bremusyfirhalningu að framan, en ekki að aftan. Þá kom í ljós að bremsuklossarnir höfðu verið keyrðir þannig að þeir höfðu eyðilagt bremsudiskana að aftan. Þegar klossar, dekk og diskar höfðu verið fjarlægð kom einnig í ljós að bremsudælurnar að aftan voru ónýtar. Telur álitsbeiðandi að þar sem kvittanir frá seljanda beri það með sér að hún hafi keypt nýja bremsuklossa- og diska í apríl 2013 en aðeins látið skipta um að framan bendi það til þess að um leyndan galla hafi verið að ræða á bifreiðinni. Telur álitsbeiðandi enda einkennilegt að ekki hafi verið skipt um bremsuklossa að framan og að aftan á sama tíma, bæði vegna þess að það var augljóslega nauðsynlegt, en einnig vegna þess að bifreiðin var á sölu á þeim tíma. Segist álitsbeiðandi hafa upplýst seljanda um vandamálið og beðið hana að koma til móts við sig og greiða kr. 150.000 upp í kostnað vegna viðgerða, enda kosti bremsudælurnar samtals kr. 110.000 og þar af bremsudiskum kr. 12.000. Varahlutakostnaður sé því samtals kr. 122.000 og þá eigi eftir að greiða fyrir vinnu. Segir álitsbeiðandi að seljandi hafi hins vegar hafnað því að greiða umræddan kostnað á þeim forsendum að álitsbeiðandi hafi ekki farið með bifreiðina í ástandsskoðun fyrir kaupin. Segir álitsbeiðandi að hann telji að ástandsskoðun hefði ekki leitt umræddan galla í ljós. Þá segir álitsbeiðandi að seljandi hafi haldið því fram að hún hafi ekki vitað af gallanum en þar að auki telji hún að taki hún þátt í kostnaðinum muni það leiða til þess að bifreiðin sé í betra ástandi en hún seldi hana í. Þetta telur álitsbeiðandi hins vegar

benda til þess að seljandi hafi brugðist upplýsingaskyldu sinni við kaupin hvað varðaði ástandið á bremsunum. Þá bendir álitsbeiðandi á að hann sé ekki að gera kröfu vegna bremsuklossa, dekkja og ljósapera, enda hafi hann, við kaupin, verið meðvitaður um að þá hluti þyrfti að lagfæra. Að lokum ítrekar álitsbeiðandi að hann geri þá kröfu að seljandi greiði sér þann kostnað sem hlýst af því að kaupa nýjar bremsudælur, -diska ásamt þeim kostnaði sem hljótist af því að skipta um téða hluti.

Meðfylgjandi álitsbeiðni var afrit af kaupsamningi og afsali, dags. 16. september sl., afrit af ástandslýsingu seljanda, dags. s.d., afrit af reikningi vegna bilunargreiningar, dags. 20. september að fjárhæð kr. 4.985 og afrit af reikningum vegna kaupa á bremsuklossum o.fl., dags. 22. apríl 2013 að fjárhæð samtals kr. 11.804.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að kaupverð hinnar umþrættu bifreiðar hafi vissulega verið kr. 850.000 en ásett verð hennar hafi hins vegar verið kr. 950.000. Álitsbeiðandi hafi nú kafið seljanda um kr. 150.000 í viðgerðarkostnað vegna þess að nokkrum dögum eftir kaupin hafi hann farið með bifreiðina í bremsuklossaskipti. Þar hafi komið í ljós að bremsudiskar voru lélegir auk þess sem álitsbeiðandi beri því við að bremsudælur séu stirðar og að þær þurfi að endurnýja með öllu.

Segist seljandi hafna kröfum álitsbeiðanda um greiðslu kr. 150.000 vegna viðgerða. Hins vegar segist seljandi hafa boðið álitsbeiðanda að taka, með sanngjörnum og raunhæfum hætti, þátt í kostnaði vegna viðgerðanna og koma þannig til móts við kröfur hans. Vísar seljandi til þess að umrædd bifreið hafi verið rúmlega átta ára gömul á söludegi og jafnframt ekin um 100.000 km. Sú viðgerð sem fyrirleggjandi sé á bifreiðinni snúi að hemlunarbúnaði hennar og sé því um íhlut að ræða sem slitni jöfnum höndum samhliða notkun bifreiðarinnar. Slíkt slit feli ekki í sér galla og enn síður leyndan galla. Kaupandi geti ekki vænst þess að hlutir sem þessir séu sem nýir í átta ára gamalli bifreið, sem að auki sé ekin jafn mikið og raun beri vitni. Segist seljandi því hafna því að um sé að ræða falinn galla og telur hún frekar um um sé að ræða eðlilegt slit á íhlutum. Þá bendir seljandi á að ef álitsbeiðandi hefði sinnt skoðunarskyldu sinni við kaupin væru allar líkur á því að slík skoðun hefði leitt í ljós að ástand bremsudiska væri orðið slæmt ef sú væri raunin. Álitsbeiðandi hefði einnig getað gert sér það í hugarlund að bremsudælur væru ekki sem nýjar þar eð hann hafi séð að bremsuklossar voru orðnir slitnir. Að sama skapi hafi honum mátt vera ljós að eitthvað gæti verið athugavert við bremsudiska bifreiðarinnar. Við kaupin hafi álitsbeiðandi boðist að láta skoða bifreiðina af fagmanni með hefðbundinni ástandsskoðun en í slíkri skoðun eru m.a. bremsur athugaðar. Hann hafi hins vegar kosið að skoða bifreiðina sjálfur. Skýrlega komi fram í kaupsamningi að álitsbeiðandi hafi kynnt sér ástand bifreiðarinnar og sætt sig við það þrátt fyrir að hann kjósi á síðara tímamarki að draga fram það sem betur megi fara í bifreiðinni og krefjast þess að fá greiddan kostnað vegna íhluta.

Seljandi rekur næst að nokkrum mánuðum fyrir sölu bifreiðarinnar hafi hún keypt bremsuklossa bæði að framan og að aftan í bifreiðina sökum þess að það hafi þurft að skipta um bremsuklossa að framan. Klossa að aftan hafi hún keypt vegna þess að hún vildi eiga þá klossa til þegar að því kæmi að nauðsynlegt yrði að skipta um þá. Skipt hafi verið um bremsuklossa að framan en ekki hafi verið talin þörf á að skipta um þá að aftan. Segir seljandi að við söluna hafi hún látið bremsuklossana fylgja með bifreiðinni þar sem hún hafi átt þá til. Þrátt fyrir að klossarnir hafi fylgt með í kaupbæti segir seljandi að það hafi ekki falið í sér á nokkurn hátt vitneskju af hennar hálfu þess efnis að eitthvað væri athugavert við bremsur bifreiðarinnar. Hún hafi einfaldlega látið klossana fylgja með vegna þess að hún átti þá til. Þá bendir seljandi á að sá aðili sem skipti um bremsuklossana að framan hafi gert það heima hjá

sér, en ekki á verkstæði og að sá aðili hafi ekki skoðað ástand bremsubúnaðar bifreiðarinnar að aftan þar sem seljandi hafi talið að búnaðurinn væri í lagi.

Seljandi segist mótmæla þeirri fjárhæð sem álitsbeiðandi telji þurfa til að lagfæra bifreiðina sem of hárrí. Sú fjárhæð sem álitsbeiðandi hafi lagt fram miðist við að skipta þurfi um alla bremsuúhluti og þar á meðal setja nýjar bremsudælur í bifreiðina sem sé afar kostnaðarsamt. Segir seljandi að bifvélavirki sá er hafi skoðað bifreiðina hafi staðfest að ekki lægi fyrir að bremsudælurnar væru ónýtar heldur að þær væru stirðar. Staðhæfingar álitsbeiðanda um að bremsudælurnar séu ónýtar hljóti því að koma frá álitsbeiðanda sjálfum en ekki frá fagaðila þeim er skoðaði dælurnar. Þá bendir seljandi á að samkvæmt upplýsingum frá umboði fyrir bifreiðar af umræddri gerð sé venjan sú þegar bremsudælurnar séu stirðar, að kaupa í þær varahluti og laga þær, en ekki skipta alfarið um þær. Segir seljandi að starfsmenn umboðsins hafi talið að viðgerð á dælunum gæti kostað um kr. 70.000. Segir seljandi að ef niðurstaða nefndarinnar yrði á annað borð sú að sér bæri skylda til að greiða kostnað vegna krafna álitsbeiðanda væri eðlilegt að sá kostnaður væri takmarkaður við raunverulegan kostnað við viðgerð á dælunum, en ekki kostnað við að skipta um þær. Bendir seljandi einnig á að bifreiðin hafi fengið skoðun án athugasemda í febrúar 2013. Því geti fullyrðingar álitsbeiðanda um að hún hafi vitað af bágu ástandi á afturbremsum bifreiðarinnar ekki staðist. Að lokum bendir seljandi á að ef fallist yrði á að hún ætti að bera allan kostnað af því að skipt yrði um alla bremsuúhluti yrði niðurstaðan sú að álitsbeiðandi væri betur staddur en hann mátti vænta þegar hann keypti átta ára gamla bifreið með afslætti, vitandi að klossar væru slitnir og að bifreiðinni hefði verið ekið um 100.000 km. Meðfylgjandi andsvörum er afrit af kostnaðaráætlun frá umboði vegna viðgerðar á bremsudælum. Þar er kostnaður áætlaður á bilinu kr. 48.681 til kr. 54.681.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi fari ekki fram á greiðslubátttöku seljanda vegna annars en bremsudælanna sem kosti kr. 55.000 hver, ásamt kostnaði við að setja þær í, samtals kr. 150.000. Þá hafnar álitsbeiðandi því að seljandi hafi boðist til að taka þátt í kostnaði vegna viðgerðarinnar á dælunum. Þá ítrekar álitsbeiðandi að hann telji reikninga vegna kaupa á bremsuklossum er fylgdu með bifreiðinni við kaupin benda til þess að seljandi hafi brugðist upplýsingaskyldu sinni við kaupin.

VI

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kæruneftndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 16. september 2013 fyrir kr. 850.000. Bifreiðin er árgerð 2005 og fyrsti skráningardagur hennar 18. ágúst 2005. Bifreiðin var því rúmlega 8 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 99.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 16. september 2013, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við,

en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin
- c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir enn fremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Það mun álitsbeiðandi hins vegar hafa kosið að gera ekki. Engar haldbærar upplýsingar hafa komið fram um það hvort verð á bifreiðinni hafi á þeim tíma er kaupin fóru fram verið svipað og viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum enda má segja að verð á bifreiðum á þessum aldri geti verið mjög mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana.

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ekkert bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. Álitsbeiðandi hefur í máli þessu haldið því fram að kaup seljanda á fernum bremsuklossum í apríl 2013 og sú staðreynd að seljandi lét aðeins skipta um bremsuklossa bifreiðarinnar að framan, en ekki aftan, bendi til þess að seljandi hafi verið meðvitaður um lélegt ástand á bremsudælum og bremsudiskum bifreiðarinnra áður en kaupin fóru fram. Máli sínu til stuðnings hefur álitsbeiðandi framvísað reikningum vegna téðra kaupa, en þá fékk hann afhenta, ásamt tvennum bremsuklossum við kaupin. Þessum ályktunum álitsbeiðanda hefur seljandi hafnað alfarið sem röngum og m.a. vísað til þess að bifreiðin hafi fengið athugasemdaleusa skoðun í febrúar 2013 og að hún hafi aðeins keypt bremsuklossana til að eiga þá síðar. Kærufndin hefur kannað skoðunarferil umræddrar bifreiðar. Þar kemur fram að bifreiðin var skoðuð hinn 12. febrúar 2013 þá ekin 95.846 km og var ekki gerð athugasemd við ójafna hemlunarkrafta, aðeins númeraljós. Að mati kærufndarinnar verður ekki, gegn mótmælum seljanda, fallist á þær fullyrðingar álitsbeiðanda að seljandi hafi vitað um hið bága

ástand á bremsudælum- og klossum bifreiðarinnar við kaupin. Fær nefndin því ekki séð að seljandi hafi vanrækt, hvað þetta varðar, að gefa álitsbeiðanda upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið mun verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Að mati kærunefndarinnar mætti segja að hlutlægt séð gæti bággt ástand á bremsubúnaði bifreiðar talist galli í skilningi ákvæðisins. Hins vegar vekur kærunefndin athygli á því að skv. 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga getur neytandi ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Sem fyrr segir lét álitsbeiðandi ekki söluskoða bifreiðina fyrir kaupin. Að mati kærunefndarinnar hefði slík skoðun að líkindum leitt í ljós bággt ástand bremsudiska bifreiðarinnar sem og ástand á bremsudælum en við söluskoðun er almennt framkvæmd sjónskoðun á bremsum sem og prófun í bremsuprófunarbekk. Slík skoðun hefði leitt í ljós stirðleika í bremsudælum eða ójafna hemlunarkrafta milli hægri og vinstri hliðar. Í ljósi framangreinds getur kærunefndin ekki fallist á, eins og málum er hér háttáð, að ástand hinnar umþrættu bifreiðar hafi verið mun verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla, sbr. fyrrnefndan a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Verður kærunefndin því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

VII Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir